

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1980/2005

frá 5. desember 2005

um breytingu á skilyrðum varðandi leyfisveitingu fyrir aukefni í fódri í flokki snefilefna og fyrir aukefni í fódri í flokki bindiefna og kekkjavarnarefna

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum þriðja málslið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 frá 25. júlí 2003 um breytingu á skilyrðum varðandi leyfi fyrir nokkrum aukefnum úr flokki snefilefna í fódri ⁽²⁾ eru fastsett hámarksgildi fyrir blý í sinkoxíði, og með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 frá 16. desember 2004 um varanleg leyfi og bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fódur ⁽³⁾ eru sett hámarksgildi fyrir blý í klínóptílólit úr gosmyndunum.
- 2) Hámarksgildi fyrir blý hafa verið fastsett fyrir aukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna, þ.m.t. sinkoxíði, og fyrir aukefni sem tilheyra virkum hópi bindiefna og kekkjavarnarefna, þ.m.t. klínóptílólit úr gosmyndunum, með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EEB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fódri ⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með tilskipun fram-

kvæmdastjórnarinnar 2005/87/EB ⁽⁵⁾. Þar sem rétt er að fella reglur um óæskileg efni saman í einn texta til glöggvunar er rétt að fella niður samsvarandi vísanir í reglugerðir (EB) nr. 1334/2003 og (EB) nr. 2148/2004.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í reglugerð (EB) nr. 1334/2003 er orðunum „hámarksinnihald af blýi: 600 mg/kg“ eytt úr þeirri færslu í viðaukanum sem varðar sink.

2. Í reglugerð (EB) nr. 2148/2004 er orðunum „Hámarksblýinnihald: 80 mg/kg“ eytt úr þeirri færslu í viðaukanum sem varðar klínóptílólit úr gosmyndunum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 12 mánuðum eftir gildistöku tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2005/87/EB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 187, 26.7.2003, bls. 11. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2112/2003 (Stjtið. ESB L 317, 2.12.2003, bls. 22).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/8/EB (Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 44).

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 318, 6.12.2005, bls. 19.